

Hafnarfjarðarbær
Anna Margrét Tómasdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 8. ágúst 2023
UST202307-187/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Miðhverfi Setbergi Hafnarfirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 17. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðhverfi Setbergi Hafnarfirði vegna Stekkjarbergs 11.

Í erindinu kemur fram um er að ræða breytingar á lóðinni Stekkjarberg 11, en þar er í dag einbýlishús sem gert er ráð fyrir að fjarlægja og byggja í stað þess 26 íbúðir í þremur húsum.

Verndaðar jarðmyndanir

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið innan lóðamarka nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skipulagstillagan eins og hún er lögð fram, valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Fólkvangur - Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Umhverfisstofnun bendir á Stekkjahraun var friðlýst árið 2009. Markmið með friðlysingu svæðisins er að vernda útvistarsvæði í fögru hraunumhverfi þar sem jafnframt er athyglisvert gróðurlendi og sérstakar menningarmínjar. Stekkjarhraun er hluti af hraunum sem runnu í Búrfellseldum fyrir um 7000 árum. Stekkjarhraun er í beinu framhaldi af Gráhelluhrauni og hefur hraunið runnið um þróongan farveg milli Setbergshlíðar og Mosahlíðar. Aðgengi að svæðinu er gott og er það því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu.

Að mati Umhverfisstofnunar mun rask á jarðmyndunum í jaðri fólkvangsins ekki einungis hafa neikvæð áhrif á nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar heldur einnig hafa áhrif á ásýnd og landslag fólkvangsins.

Umhverfisstofnun bendir á að við mörk skipulagsvæðisins er tjörn sem hefur bæði náttúrufræðilega og sögulega sérstöðu. Líkt og þegar framkvæmdir fóru fram á lóð 9, geta framkvæmdir raskað jafnvægi á vatnstöðu tjarnarinnar (og þar af leiðandi lífríki þess). Umhverfisstofnun telur að framkvæmdasvæðið sé of nálagt mörkum fólkvangsins og framkvæmdir hafi líklega áhrif á vatnsbúskap svæðisins og þurrki upp tjarnir inni á friðlýst svæðis. Því er mikilvægt að fylgjast með vatnsstöðu tjarnarinnar.

Auk þess Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að afmörkun fólkvangsins sé sýnd á skipulagsuppdrætti.

Valkostir - verndargildi svæða

Varðandi verndargildi þessara svæða, þá bendir stofnunin á að jarðminjar í jaðri fólkvangsins innan íbúðarsvæðisins hafa mun hærra verndargildi, en gras og tún á skilgreindu óbyggðu svæði.

Valkostur til skoðunar - framkvæmd

Umhverfisstofnun leggur til að skoðaður sé sá valkostur, til að vernda jarðmyndanir og gróður og vegna nálægðar við fólkvanginn að skipulagssvæðið færist vestur fyrir austurhlið núverndi byggingar Skálabergs, Stekkjarbergs 11.

Auk þess bendir Umhverfisstofnun á þann möguleika að endurhanna allan skipulagsreitinn og færa hann, þar sem hann mun afmarkast af götunni Hlíðarbergi í vestri. Hægt væri þannig að endurhanna allt svæðið fyrir byggingareiti, bílastæði, trjágróður og göngustíga.

Umhverfisstofnun gerir sér grein fyrir því að það myndi kalla á breytingu á aðalskipulagi, þar sem óbyggt svæði myndi falla út að hluta til og íbúðarsvæði stækka sem því nemur. Auk þess bendir stofnunin á þann möguleika að minnka íbúðarsvæðið í jaðri fólkvangsins sem nær til jarðminjanna og stækka opið svæði sem því nemur.

Með þessum væri hægt að ná markmiðum verkefnisins, að halda byggingarmagni og vernda jarðmyndanir og fólkvanginn.

Samráð

Vegna nálægðar við fólkvanginn, er Umhverfisstofnun reiðubúin til að halda samráðsfund með sveitarfélagitnu áður en lengra er haldið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfraðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri